



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLÖT

SAMFLÖTS-fréttir

4. tölublað

Mars 2017

4. árgangur



Akrasel, nýr bústaður.

ORLOFSBLAÐ 2017



Ágætu Samflotsfélagar

Segja má með sanni að vel hafi tekist til með sameiginlegan orlofspakka hjá fjórum Samflotsfélögum og flestir notendur verði ánægðir, þó ekki sé alltaf hægt að gera svo öllum líki, við erum þó að reyna.

Í þessu blaði kynnum við þá fjölbreyttu möguleika sem standa til boða og hvetjum félagsmenn til að notfæra sér.

Við erum stolt af því að kynna nýtt og glæsilegt orlofshús sem félögin keyptu í sameiningu á Suðurlandi. Þetta er liður í því að bregðast við kröfum félagsmanna um aukio orlofsframboð og þá sérstaklega á Suðurlandi. Nánar um húsið annars staðar í blaðinu.

Við erum alltaf að líta í kringum okkur eftir fleiri möguleikum og biðjum við því félagsmenn að vera duglegir að fylgjast með á orlofsvefnum því þar koma inn nýjungar ef af þeim verður.

Þetta er býsna fjölbreyttur pakki sem er í boði og vonandi finna allir eitthvað við sitt hæfi. Við bjóðum upp á orlofshús víðsvegar um land, íbúðir í Reykjavík og orlofshús á Spáni sem auglýst var fyrr á árinu og enn getum við boðið þar uppá fleiri vikur ef félagsmenn hafa áhuga.

Enn fremur bjóðum við uppá ýmis afsláttarkort sem gilda um allt land. Þá bjóðum við upp á flug til Vestmannaeyja með flugfélaginu Ernir á mjög góðu verði. Við erum líka með afslátt á hótélum sem ætti að nýtast félagsmönnum vel á ferðalögum um landið í frítímum þeirra. Þá erum við áfram með "orlof að eigin vali" en með örlitlu breyttu sniði, nánar um það inn í blaðinu.

Vinsamlega athugið að gæludýr eru stranglega bönnuð í öllum orlofshúsum og íbúðum sem félögin eru með á sínum vegum.

Að sjálfsgöðu eru allar upplýsingar um orlofsmöguleikana á heimasíðum félaganna sem eru;

Starfsmannafélag Dala— og Snæfellsnessýslu sds.is,
Starfsmannafélag Fjallabyggðar stol.is,
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum fosvest.is
Starfsmannafélag Vestmannaeyja stavey.is
og á heimasíðu Samflots, samflot.is

Og þá er ekkert annað að gera en að fara að fletta blaðinu og skoða framboðið, það kemur á óvart trúi ég.

f.h. orlofsnefndar.

Guðbjörn Arngrímsson formaður Samflots



Samflots-fréttir

Ábyrgðarmaður og ritstjóri:

Guðbjörn Arngrímsson formaður Samflots.

Hönnun: Samflot.

Prentun: Tunnan.

Skrifstofur og upplýsingasímar:

Formaður Samflots:

GSM: 899-6213

Skrifstofa Fos.-Vest. Ísafirði:

S: 456-4407. GSM: 899-8235

Opið: mán.-föst. kl. 10-12 & 13-15

Skrifstofa SDS Grundarfirði:

S: 436-1077. GSM: 899-7090

Opið: mán.-föst. kl. 9-17

Skrifstofa STAVEY Vestmannaeyjum:

S: 481-1095. GSM: 894-1095

Opið: mán.-föst. kl. 10-15

Formannaráð Samflots:

Formaður: Guðbjörn Arngrímsson

St. Fjallabyggðar.

Ritari: Helga Hafsteinsdóttir

St. Dala og Snæ.

Aðrir ráðsmenn:

Gylfi Guðmundsson Fos-Vest.

Helga Þuríður Árnadóttir St.Húsavíkur.

Unnur Sigmarsdóttir STAVEY.

Ragnar Sigurðsson FOSA.

Baldur Baldursson St. Fjarðabyggð.

Orlofsnefnd Samflots skipa:

Guðbjörn Arngrímsson St. Fjall.

Ásta Dóra Valgeirsdóttir SDS

Unnur Sigmarsdóttir STAVEY

Ragnheiður Ása Ingvarsdóttir Fos.-Vest.

Forsíðumynd:

Nýtt orlofshús á Suðurlandi.

Að bóka orlofshús á netinu er sáræinfalt

Úthlutunarreglur á orlofshúsum.

- Allar bókanir fara fram á ORLOFSVEF SAMFLOTS, sem er á heimasíðum félaganna og á heimasíðu Samflots, samflot.is og fara þar í Orlofsvefur og velja þar **sækja um**.
- Skráðir þar kennitölu og netfang (á úthlutunartíma kemur svarið í það netfang). Þar er hægt að fá upplýsingar, bóka og greiða fyrir húsin. Veljið LAUST, þar er farið í Landsvæði og velja þar svæði sem þeir vilja vera á, nú eða öll landsvæði til að sjá hvaða hús eru laus. Ef kerfið „fyrstur kemur fyrstur fær“ er í gildi þá panta félagsmenn og greiða strax. Ef kaupa á hótelið, flugmiða eða veiði— eða útilegukort þá er farið í ÁVÍSANIR og gengið frá kaupunum á sama hátt.
- Fyrir sumarorlofstímam er auglýstur umsóknartími og allar umsóknir leggjast í afgreiðslugrunn kerfisins og biða úthlutunar.**
- Úthlutun á sér stað á fyrirfram ákveðnum tíma sem auglýstur hefur verið. Kerfið hefur þá reiknað út punktastöðu hvers félagsmanns og úthlutar eftir þeim réttindum sem þar koma fram. Umsækjendur sem fá úthlutað fá staðfestingarbréf með númeri úthlutunar.
- Þegar umsækjandi sem fékk úthlutað hyggst greiða fyrir úthlutun:
 - Opna www.samflot.is eða á netinu.
 - Velja orlofsvefur á forsiðu.
 - Slá inn kennitölu og netfang...velja félag, SAMFLOT
 - Undir liðnum „Umsóknir“ stendur ógreidd úthlutun - ýta á hann, þá kemur upp greiðsluform fyrir kreditkort.
 - Ef félagsmenn hafna úthlutunum, þá er unnið úr biðlistum. Eftir það opnast kerfið og gildir þá reglan „fyrstur kemur - fyrstur fær“.
- Utan úthlutunartímabíla er opið fyrir bókanir innanlands tvo - þrjú mánuði fram í tímann, að undanskildum sumarúthlutunartíma, þar gildir reglan “fyrstur kemur, fyrstur fær”

Punktur og úthlutanir

Frádráttur orlofspunkta er mismunandi eftir tímabilum. Sumartímabilið 2017 er frá 26. maí til 15. sept. og skiptist punktafrádráttur þannig:

- 26/5 - 23/6 er frádráttur 12 punktar
- 24/6 - 11/8 er frádráttur 18 punktar
- 12/8 - 15/9 er frádráttur 12 punktar

Fyrir orlof að eigin vali dragast frá 15 punktar. Kort og hóteliðar kosta ekki punkta.

- Orlofshús sem tekin er eftir reglunni "fyrstu kemur fyrstur fær" á sumarorlofstímabilinu kosta líka punkta.
- Allir virkir félagsmenn geta sótt um á úthlutunartímum þó þeir eigi fáa eða enga punkta. Við úthlutun fer punktastaða viðkomandi í mínus. Orlofshús sem bókuð eru utan úthlutunartíma kosta ekki punkta.
- Úthlutun á vetrartíma skerðir ekki rétt og möguleika félagsmanna til úthlutunar á sumartímabili.

Opnað verður fyrir orlofsvefinn 6. apríl og úthlutað verður fyrir tímabilið 26. maí til 15. september þann 18. apríl. Vefurinn opnar fyrir “fyrstur kemur, fyrstur fær” 23. apríl

Íbúð nr. 32 að Lautarsmára I, Kópavogi

Í íbúðinni sem er á þriðju hæð, eru tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi og hitt með tvöföldu rúmi og koju, (barnaherbergi) stofa, eldhús og baðherbergi, þvottavél er í geymslu. Þá eru í íbúðinni allur hefðbundinn búnaður s.s. sjónvarp, útvarp og öll venjuleg eldhúsáhöld og borðbúnaður. Sængur og koddar eru til staðar, en leigjendur hafa með sér sængurfatnað, tuskur, diskapurrkur handklæði ásamt salernispappír, sápu og aðra nauðsynjavöru.



Íbúð við Sóltún 30 í Reykjavík

Rúmgóð íbúð á fjórðu hæð í lyftuhúsi. Í íbúðinni eru tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi, og hitt með kojum (barnaherbergi), stofa, eldhús og baðherbergi. Í íbúðinni er sjónvarp, útvarp og öll venjuleg eldhúsáhöld og borðbúnaður. Sængur og koddar eru til staðar, en leigjendur hafa með sér sængurfatnað, tuskur, diskapurrkur handklæði ásamt salernispappír, sápu og aðra nauðsynjavöru.

Við misstum íbúðina við Njálsgötu og erum að leita að íbúð í hennar stað.

Vonandi tekst okkur að finna íbúð á viðráðanlegu verði og verður hún þá auglýst sérstaklega og sett inn í orlofskerfið þar sem félagsmenn geta pantað hana.

Frágangur og skil á íbúðum.

- Við brottför skal ræsta íbúðirnar vandlega. Ryksuga/moppa og þvo öll gólf, á baðherbergi skal þrifa sturtu/baðkar salerni og vask. Tæma uppþvottavél. Ganga skal frá og þrifa í eldhúsi, þ.m.t. örbylgjuofn, ísskáp, eldavél og önnur áhöld. Loka gluggum og hurðum. Ganga skal tryggilega frá rusli og skila því af sér í sorpgeymslu.
- Umsjónarmaður fer yfir íbúðina eftir dvalargesti. Hann kannar einnig ástand íbúðarinnar og viðskilnað almennt. Ef ekki er þrifið eða aðrar athugasemdir koma fram geta leigjendur átt von á reikningi vegna þess.
- Munum að það er sameiginlegt verkefni okkar allra að halda orlofsdvalarstöðum í góðu lagi. Skiljum við íbúðirnar eins og við viljum taka við þeim.
- Ef eitthvað vantar í íbúðirnar eða leigutaki hefur einhverjar athugasemdir, þá vinsamlegast hafið samband við umsjónarmann 899-6213.
- Framsal á leigusamningi eða alvarleg brot á öðrum reglum eða skyldum sem leigutakar gangast undir með leigusamningi geta valdið því að félagsmaður verði útilokaður frá úthlutun framvegis.
- Öll notkun tóbaks er stranglega bönnuð í íbúðunum þ.m.t. nef- og munntóbak.
- Munum að við erum gestir í þessum íbúðum, virðum því rétt annarra íbúa til næðis og vörumst hávaða einkum þegar líður á kvöld.



Nýtt orlofshús Samflots í Bláskógabyggð.

Akrasel við Vatnshólaveg í landi Syðri-Reykja í Bláskógabyggð.

Þetta er fallegur tveggja herbergja fullbúinn 76 m², heilsársústað með svefnlofti og heitum potti.

Fallegt umhverfi og gott útsýni til allra átta. Þetta er vinsælt svæði þar sem er stutt í þjónustu og afþreyingu: Sundlaugar, golfvelli, veiði, Gullfoss, Geysir, Þingvelli, Flúðir, Skálholt,

Laugarvatn og Reykholt svo eitthvað sé nefnt.

Vegalengdin frá Reykjavík er um 95 km og farið er um Þratarlaund og ekið eftir Biskupstungnabraut, vegur 35, þar til komið er að Reykjavegi vegur 355 og ekið eftir honum þar til komið er að Vatnshólavegi, þar er beygt til hægri og ekið eftir honum þar til komið er að bústaðnum. Hann stendur innanlega í hverfinu.

Fyrir þá sem koma að norðan og vestan er styst að fara Hvalfjarðargöng, Mosfellsheiði og Lyngdalsheiði framhá Laugarvatni og svo niður Reykjaveg þar til komið er að Vatnshólavegi. Styttra í km. en kannski ekkert styttra í tíma.

Nánari lýsing á húsinu:

Í bústaðnum eru 2 herbergi með tvíbreiðum rúmum og í öðru þeirra eru að auki tvær kojur. Þá er 30 m² svefnloft með tvíbreiðu rúmi og nokkrum dýnum, þannig að það geta auðveldlega 8-10 manns sofði í bústaðnum. Badherbergi með sturtu og þvottahús með þvottavél er í húsinu. Eldhús og stofa eru í einu rými. Allur venjulegur eldhúss og borðbúnaður er fyrir 8-10 manns. Uppþvottavél.

100 m² pallur er við húsið og á honum heitur pottur. 13 m² geymsluhús sem síðar verður gestahús, er við húsið.

Gasgrill og útihúsgögn eru í geymslu við húsið. Glæsilegur bústaður með öllum þægindum, t.d. örbylgjuofn, hljómteki, flatskjár, DVD-spilari. Sængur og koddar eru fyrir 10 manns.

Leigjendur þurfa að hafa með sér sængurfatnað, lín, einnig gólf- og borðtuskur, diskapurkkur, handklæði, ásamt salernispappir, sápu, kaffipoka, (filter) og eldhúsrúllur. Þá er gott að hafa með sér plastpoka, eldspýtur, álpappir, krydd, sykurl, og annað sem gerir dvölinna betri.


Lyklahús er við aðalinnangang hússins og leigjendur fá uppgengið númer í leigusamningi sem þeir stimpla inn og ná þannig í lykil.

Verðslanir eru í nágrenninu eins og Reykholti, 8 km., Flúðum 20 km. og Laugarvatni 15. km. svo eitthvað sé nefnt. 48 km. eru á Selfoss

Við brottför skal ræsta bústaðina vandlega. Ryksuga/moppa og þvo öll gólf. Loka gluggum og hurðum. Ganga skal tryggilega frá rusli og skila því af sér í sorpgeymslu.


Ef klárast af gaskútu eru leigjendur beðnir fara og kaupa áfyllingu, taka reikning og fá endurgreitt á skrifstofu þess félags sem þeir tilheyra.

Dýrahald er ekki heimilt í húsinu og reykingar aðeins leyfðar utandyra.



FLUGMIÐAR TIL VESTMANNAEYJA MEÐ FLUGFÉLAGINU ERNIR.

- Við bjóðum áfram upp á flugmiða í Vestmannaeyja. Flugmiðinn kostar kr. 8.800 aðra leiðina.



• Ýmislegt er hægt að gera sér til dundurs í Eyjum. Gista á góðu hóteli, slaka á, borða góðan mat á einhverjum af mörgum góðum veitingastöðum í Eyjum. Skoða skemmtilegt umhverfi og sjá hve stórkostlega eyjarnar hafa verið unnar upp eftir gos.

• Sagnheimar, Sæheimar já og Eldheimar stórkostlegt gosminjasafn, sumir segja Pompei norðursins.

• Svo er hægt að fara í golf á hinum stórkostlega golfvelli Golfklúbbs Vestmannaeyja í Herjólfsdal með magnaða náttúruferuð á allar hlíðar.

• Já og svo ótal margt annað, bara fara og njóta.



Orlof að eigin vali

Félagsmönnum gefst kostur á að sækja um styrk sem er kallaður „Orlof að eigin vali“.

Sækja þarf um styrkinn inn á bókunarsíðu orlofsvefs undir „Umsóknir“. Ekki er hægt að sækja um á skrifstofum félaganna.

Í boði eru 120 styrkir hver að upphæð kr. 20.000.

Hver félagsmaður getur fengið styrk annað hvert ár.

Styrkur er greiddur út að dvöl eða ferð lokinni og framvísa þarf löglega númeruðum vsk.-reikningi sem gefinn er út á umsækjanda styrksins.

Orlof að eigin vali gildir fyrir orlofsdvöl á almanaksárinu 2017 og sækja þarf um í síðasta lagi fyrir 1. nóvember.

Dæmi um orlofsdvöl að eigin vali geta verið dvöl á hóteli, orlofsferð innanlands eða erlendis (sólafarferð eða annað), leiga á ferðavögnum, eða hvað annað sem félagsmaður kys að gera í sumarfríinu.

Ekki er hægt að framvísa kvittunum fyrir þjónustu sem Samflot, eða stéttarfélag innan Samflots, bjóða sinum félagsmönnum.

Aldrei er greitt hærra en 50% af útlögðum kostnaði.

Þeir sem fá úthlutað styrk fara með staðfestinguna á skrifstofu síns aðildarfélags og fá styrkinn greidda að uppfylltum áður frágreindum skilyrðum.

Ekki er hægt að fá úthlutað „orlofi að eigin vali“ og vikudvöl í íbúð eða orlofshúsi á samarorlofstíma á sama árinu.

Verðskrá:

Orlofshús 2017

Vikuleiga, sumartímabil	22.000 kr.
Dagsleiga frá 1. apríl	5.000 kr.
Helgarleiga frá 1. apríl	11.000 kr.

Íbúðir. 2017

Vikuleiga, sumartímabil	22.000 kr
Dagsleiga frá 1. apríl	5.000 kr.
Helgarleiga frá 1. apríl	11.000 kr.

Annað

Veðikortið 2017

til sölu á vefnum, eitt kort á mann kr. 5.200

Útilegukortið 2017

til sölu á vefnum, eitt kort á mann kr. 13.800

Hótelgisting innan lands 2017

Samflotið hefur gert samning við eftirtalin hótél.

FOSS-hótél, allt árið	kr. 9.300 nóttin
Eddu-hótél	kr. 7.800 nóttin
Grand hótél sumar	kr. 26.000 nóttin
Grand hótél vetur	kr. 13.200 nóttin
Centrum hótél sumar	kr. 26.000 nóttin
Centrum hótél vetur	kr. 13.200 nóttin
Hótél KEA frá	kr. 11.700 nóttin
Hótél Keflavík frá	kr. 9.600 nóttin
Hótél Keflav. gistiheimili frá	kr. 5.100 nóttin
Icelandair-hótels	kr. 10.400 nóttin

Þetta eru lægstu verð í eins og tveggja manna herbergi, misjafnt eftir hótélum, nánari upplýsingar um verð eru á bls. 8 í þessu blaði.

Verð á hótélum geta breyst á árinu, rétt verð er alltaf verðið á hóteliðunum.

Allar nánari upplýsingar um hótélina eru á heimasíðum viðkomandi hótela.

HÓTEL Í BOÐI 2017

KEA- hótel Akureyri



4* hótel í miðbæ Akureyrar.
Gisting í eins manns herbergi kr. 11.700, vetur og kr. 15.200, sumar, og tveggja manna herbergi kr. 15.200, vetur, og kr. 19.000, sumar.
Morgunverður af hlaðborði innifalinn.

Hótel EDDA



Eddu-hótelin eru á 13 stöðum víðs vegar á landinu.

Verð á gistingu: kr. 7.800

Gistinguverð er gildir á öllum Eddu Hótelum á landinu og gildir fyrir tvo í herbergi með handlaug.

Gistinguverð fyrir Eddu-hótelin gilda eingöngu yfir sumartímam

Allar frekari upplýsingar um hótelin má fá á heimasíðu Hótel Edda, www.hoteledda.is

FOSS-hótel



Hótelin eru 13 talsins, 10 heilsárshótel og 3 sumarhótel.
Gistinguverð kr. 9.300 gildir fyrir gistingu í tveggja manna herbergi ásamt morgunverði af hlaðborði í eina nótt.
Í júní, júlí og ágúst skal greiða tvo gistinguverð fyrir eina nótt.

Icelandair Hótel

Icelandair-hótelin eru 7 talsins víðs vegar á landinu.

Gistinguverð fyrir tveggja manna herbergi á Icelandair-hótelum kr. 10.400.

Morgunverður ekki innifalinn.

Gistinguverð fyrir Icelandair-hótelin gilda eingöngu yfir vetrartímam



Hótel Keflavík



Hótel Keflavík er góður staður fyrir þá sem eru að fara erlendis því það er aðeins 5 mínútna akstur að flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Verð á gistingu frá kr. 6.600 nóttin.
Morgunmatur innifalinn

Centrum Hótel, Reykjavík



Aðalstræti 16

Sumar: 26.000 kr. nóttin,

Vetur: 13.200 kr. nóttin,

Morgunmatur innifalinn

Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38



Sumar: 26.000 kr. nóttin,

Vetur: 13.200 kr. nóttin,

Morgunmatur innifalinn

Öll hótel: Félagsmaður sér sjálfur um að bóka gistingu. Þegar bókað er þá skal handhafi hótelið hafa samband við viðkomandi hótel simleiðis eða með tölvupósti Ekki er hægt að bóka í gegnum bókanarsíðu á heimasíðum hótela.

Hótelmiðar hafa misjafnan gildistíma sem kemur fram á þeim, ekki er hægt að nota þá eftir að þeir renna út og ber kaupandi alla ábyrgð miðunum. Hótelmiðar fást ekki endurgreiddir.

FOSS-hótel: Bókanarsími 562-4000 eða beint á viðkomandi hótel. Heimasíða hótela er fosshotels.is

Grand-hótel: Bókanarsími 514-8000 Allar frekari upplýsingar má fá á heimasíðu hótelsins grand.is

Centrum-hótel: Bókanarsími 514-8000 Allar frekari upplýsingar má fá á heimasíðu hótelsins hotelreykjavik.is

Hótel EDDA: Bókanarsími 444-4000 Heimasíða hótelsins hoteledda.is

Icelandair-hótel Bókanarsími er á hverju hóteli fyrir sig eða með tölvupósti á icehotels@icehotels.is

Hótel Keflavík Bókanarsími 420-7000 Allar frekari upplýsingar má fá á heimasíðu hótelsins kef.is

Hótel KEA Bókanarsími 460-2000 Allar frekari upplýsingar má fá á heimasíðu hótelsins keahotels.is



Úlfstaðir á , bústaður nr. 31.

Bústaðurinn Skógarlundur á Úlfstöðum á Héraði er 48 m² með 28 m² svefnlofti. Hann er staðsettur í ca. 10 km. fjarlægð frá Egilstöðum, miðja vega milli Egilstaða og Hallormsstaðaskógar. Ekið eftir Þjóðvegi 1.

Tvö svefnherbergi með tvíbreiðum rúmum eru á neðri hæð og auk þess tvíbreitt rúm og 6 dýnur á svefnlofti þannig að það geta auðveldlega 10-12 manns gisti í húsinu í einu. Heitur pottur er við húsið og gasgrill. Sólarhúsgögn eru í geymsluhúsi sem stendur við bústaðinn. Staðsetning bústaðarins býður uppá ótakmarkaða möguleika í ferðum. Nánari upplýsingar um svæðið er að finna á www.austurland.is.

Lyklahús er við aðalinngang hússins og leigjendur fá uppgefið númer í leigusamningi sem þeir stimpla inn og ná þannig í lykil. **Leigjendur þurfa að hafa með sér sængurfatnað, lín, sjá neðar á blaðinu**

Bústaður nr. 16 á Eiðum



Í bústaðnum er stofa, borðstofa og eldhús, svefnherbergi með 6 svefnstæðum og 2 aukadýnur.

Baðherbergi með sturtu. Húsinu fylgir allur venjulegur eldhús- og borðbúnaður fyrir 8 manns.


Sængur og koddar eru fyrir 8 manns. Sjónvarp og útlarpur eru í húsinu og gasgrill er við húsið.

Árabátur fylgir húsinu og heimilt er að veiða í Eiðavatni. Frá Eiðum eru 14 km. til Egilstaða þar sem er sundlaug, matvöruverslanir og ýmis önnur þjónusta.

Nánari upplýsingar um svæðið er að finna á www.austurland.is

Lyklahús er við aðalinngang hússins og leigjendur fá uppgefið númer í leigusamningi sem þeir stimpla inn og ná þannig í lykil.

Leigjendur þurfa að hafa með sér sængurfatnað, lín, sjá neðar á blaðinu



Húsafell, Ásendi 6

Bústaðurinn er 60m² með svefnpláss fyrir 8 manns og samanstendur af forstofu, þremur svefnherbergjum, baðherbergi og opnu rými stofa borðstofa og eldhús. Svefnsofi er í stofunni. Gasgrill og útihúsgögn eru í garðhúsi bakdyra megin. Glæsilegur bústaður með öllum þægindum, t.d. uppþvottavél, örbylgjuofn, hljómtæki og flatskjár og G-4 háhraða netsamband. Lokuð falleg ferönd er allt í kringum húsið. Grasbali fyrir framan húsið. Lyklahús er við bakdyrnar og leigjendur fá uppgefið númer í leigusamningi sem þeir stimpla inn og ná þannig í lykilinn. Leigjendur þurfa að hafa með sér sængurfatnað og

handklæði, en tuskur, viskustykki, hreinlætisvörur og klósettappir er á staðnum. (sjá aðrar ábendingar neðar á síðunni)

Hvað hafa þarf með sér — Frágangur og skil á orlofshúsum.

- Við brottför skal ræsta bústaðina vandlega. Ryksuga/moppa og þvo öll gólf. Loka gluggum og hurðum.
- Ganga skal tryggilega frá rusli og skila því af sér í sorgeymslu.
- **Leigjendur þurfa að hafa með sér gólf- og borðtuskur, diskaburrkur, handklæði, ásamt salernispappír, sápu, uppþvotta- og gólfþvottalög, kaffipoka, (filter) og eldhúsrúllur.**
- **Þá er gott að hafa með sér plastpoka, eldspýtur, álpappír, krydd, sykur og annað sem gerir dvölina betri.**
- Öll notkun tóbaks er stranglega bönnuð í íbúðunum þ.m.t. nef- og munntóbak.
- Við öll þessi hús eru gasgrill og heitur pottar nema á Eiðum, þar er ekki heitur pottur.
- Ef klárast af gaskútu eru leigjendur beðnir fara og kaupa áfyllingu, taka reikning og fá endurgreitt á skrifstofu þess félags sem þeir tilheyra.
- Gæludýr eru stranglega bönnuð í öllum orlofshúsum félaganna.



Munaðarnes. Stekkjarhóll, hús nr: 64

Húsið er 52m² og samanstendur af opnu rými, stofu borðstofu og eldhúsi, tveimur svefnherbergjum og baðherbergi. Svefnpláss er fyrir 7-8 manns. (auka dýnur) Snotur bústaður með flesum þægindum, m.a., uppþvottavél, örbylgjuofn, flatskjár og hljómflutningstæki. Veröndin er stór og falleg og lokuð með hlíði. ***Það sem leigjendur þurfa að hafa með sér, sjá neðar á síðunni.***



Munaðarnes. Stekkjarhóll, hús nr: 63

Húsið er 52 m². Húsið samanstendur af stofu, borðstofu, eldhúsi og baðherbergi. Þá eru tvö svefnherbergi með tvíbreiðum góðum rúmunum, 153x200 cm. í stærra herberginu en 140x200 í hinu og þar er kofa. Í húsinu er flatskjár, dvd-spilari og hljómflutningstæki. Tvöföld vindsæng, (ferðarúm) er í húsinu ef fleiri svefnpláss vantar. Sængur og koddar fyrir 8 eru í húsinu. ***Það sem leigjendur þurfa að hafa með sér, sjá neðar á síðunni.***



Munaðarnes hús nr: 20

Húsið er 47m² og samanstendur af anddyri, stofu, borðstofu, eldhúsi, 2 svefnherbergjum, í baðherbergi er vaskur, salerni og sturta. Húsið er nýppgert. Svefnpláss er fyrir 6, þ.e. fyrir 2 í hjónaherbergi og fyrir 4 í kojum í barnaherbergi. Í húsinu er sjónvarp, dvd-spilari og útvarp. Sængur og koddar fyrir 6 eru í húsinu. ***Það sem leigjendur þurfa að hafa með sér, sjá neðar á síðunni.***



Munaðarnes hús nr: 15

Húsið er 47m² og samanstendur af anddyri, stofu, borðstofu, eldhúsi, 2 svefnherbergjum, í baðherbergi er vaskur, salerni og sturta. Húsið er nýppgert. Svefnpláss er fyrir 6, þ.e. fyrir 2 í hjónaherbergi og fyrir 4 í kojum í barnaherbergi. Í húsinu er sjónvarp, dvd-spilari og útvarp. Sængur og koddar fyrir 6 eru í húsinu. ***Það sem leigjendur þurfa að hafa með sér, sjá neðar á síðunni.***

Upplýsingar um bústaðina í Munaðarnesi

- Við brottför skal ræsta bústaðina vandlega. Ryksuga/moppa og þvo öll gólf. Loka gluggum og hurðum.
- Ganga skal tryggilega frá rusli og skila því af sér í sorpgáma sem eru á svæðinu.
- Leigjendur þurfa að hafa með sér kaffipoka, (filter) og eldhúsrúllur, plastpoka, eldspýtur, álpappír, kerti, krydd, sykur, og annað sem gerir dvölina betri.
- Einnig sængurfatnað (lín), handklæði, diskapurrrukur, borð- og gólfklúta, salernispappír, uppþvotta- og gólfþvottalög o.þ.h.
- Hvert orlofshús er með fritt spil á golfklúbnum Glanna fyrir tvö og 50% gjald fyrir aðra sem eru í bústaðnum.
- Öll notkun tóbaks er stranglega bönnuð í íbúðunum þ.m.t. nef- og munntóbak.
- Við öll þessi hús eru gasgrill og heitir pottar.
- Ef klárast af gaskút eru leigjendur beðnir fara í Baulu með leigusamning og sýna hann og fá þá afhentan nýjan kút.
- Í þessum húsum er G-4 háhraða netsamband frá Vodafone.
- Mælum með veitingahúsinu í þjónustumiðstöðinni. Frábær matur, stór skjár og virkilega góð þjónusta.

VEIÐIKORTIÐ 2017



Veidikortið er á góðum afslætti á bókunarsíðu orlofsvefs.

Kortið er góður valkostur sem hentar jafnvel veiðimönnum sem fjölskyldufólki. Með veiðikortinu er hægt að veiða ótakmarkað í rúmlega 35 vötnum víðsvegar á landinu.

Kortið gildir fyrir einn fullorðinn og börn yngri en 14 ára í fylgd með korthafa.

Veidikortið kostar **kr. 5.200** og verður til sölu á orlofsvef félagsins undir ávísanir.

Kortið ásamt bæklingi verða send til félagsmanna í pósti

innan við viku frá kaupum á kortinu. *Gildistími kortsins er árið 2017*

Allar nánari upplýsingar um kortið má finna á www.veidikortid.is/

Útilegukortið 2017



Útilegukortið gefur félagsmönnum kost á að ferðast um Ísland á ódýran og hagkvæman hátt með gistingu á sérvöldum tjaldsvæðum um land allt.

Útilegukortið veitir aðgang að yfir fjórða tug tjaldsvæða á landinu og veitir tveimur fullorðnum og fjórum börnum undir 16 ára aldri í 28 nætur yfir tímabilið, fría gistingu á tjaldsvæðum samstarfsaðila Útilegukortsins (tjaldvagnar, tjöld, fellihýsi, húsbílar).

Útilegukortið kostar **kr. 12.000** og verður til sölu á orlofsvef félagsins undir ávísanir.

Kortið ásamt bæklingi verða send til félagsmanna í pósti innan við viku frá kaupum á kortinu.

Allar nánari upplýsingar um kortið má finna á www.utilegukortid.is/

Almennar umgengnisreglur um orlofshúsin okkar og íbúðir.

Orlofshúsin og íbúðir eru sameign okkar eða við með á leigu og nauðsynlegt að við sameinumst um að umgangast þau með því hugarfari. Þannig tekst okkur að halda leiguverði niðri. Við skulum því hafa það í huga þegar við erum á dvalarstaðnum að ganga vel um og skilja við hann eins og við viljum koma að honum.

- Leigutaka er óheimilt að framselja leigusamning til annarra.
- Reykingar eru bannaðar innandyra á öllum dvalarstöðum.
- Við biðjum fólk vinsamlegast að fara varlega með eld utandyra við orlofshúsin og fleygja ekki sigarettustubbum og munntóbaki á lóðir við húsin.
- Dýrahald. Ekki er leyfilegt að hafa gæludyr með sér í húsin/íbúðir og á það einnig við um gæludyr gesta húsráðenda hverju sinni.
- Reglur fyrir skilum: Ef íbúðum eða bústaðum er skilað með skemmri fyrirvara en viku þá endurgreiðist leiga ekki nema íbúðin eða bústaðurinn leigist út aftur, ef skilað er með 2ja vikna fyrirvara þá endurgreiðast 50% af leigu nema íbúðin eða bústaðurinn leigist út aftur og ef skilað er með 3ja vikna fyrirvara eða meira þá endurgreiðist íbúðin eða bústaðurinn að fullu.



Á Spáni

Torrevieja Spánn

Mosfell

Um er að ræða endaraðhús með gistirými fyrir 6-8 manns, allt innbú er afar vandað í húsinu.

Húsnæðið er 102 fermetrar á þremur hæðum en í raun er íbúðin bara á 1. og 2. hæð. Á 3. hæðinni eru sólarvalir með góðu útsýni yfir svæðið, sést m.a. yfir á La Manga skagann. Innbyggð loftkæling og kynding er í húsinu með auðveldu stýrikerfi og er það nánast hljóðlaust (ekki utanliggjandi kæliblásarar á veggjum). Í stofu er sjónvarp og fjöldi sjónvarpsrásar er til staðar. Einnig er heimabíókerfi með DVD spilara. Stækkanlegt borðstofuborð með 6 stólum er í borðstofu. Sófa í stofu er hægt að nýta sem tvíbreitt rúm. Í eldhúsi er ísskápur, uppþvottavél, þvottavél, kaffivél, brauðrist, safapressa, blandari, pottar, pönnur og öll helstu áhöld til matargerðar. Allur borðbúnaður er fyrir 12 manns.

Svefnherbergin eru með góðum rúmum, sængur og koddar og öll rúmföt og handklæði eru til staðar, ásamt strandhandklæðum. Barnaferðarúm og barnastóll eru í íbúðinni. Stórir skápar eru í herbergjum á annari hæð. Baðherbergin eru tvö, á fyrstu hæðinni er salerni, vaskur og góðir skápar en á annarri hæðinni er baðkar með sturtuádstöðu, salerni, vaskur og góðir skápar.

Löð húsin er afgirt og hægt er ganga með húsinu í bakgarð og einnig er útgangur úr eldhúsi í bakgarðinn. Sólbaðsaðstaða og gott rými er til að borða úti bæði á verönd og í bakgarði. Sundlaugagarðurinn er í lokuðum kjarna á milli húsanna og er garðurinn læstur fyrir almennungi, einungis ætlaður þeim sem gista húsin og gesti þeirra. Húsið er vel staðsett, þú horfir út til sundlaugarinnar frá verönd og sérd til beggja innganga inn í garðinn. Húsinu fylgir stórt útigrið, útihúsgögn eru fyrir 8 til 12 manns og sólbekkir fyrir 6. Securitas öryggiskerfi er í húsinu sem auðvelt er í notkun og ætlast er til þess að leigutakar noti kerfið.

Félagsmenn eru beðnir að athuga að umsóknir um húsið fara yfirleitt fram áður en orlofsblaðið kemur út og eru því beðnir að fylgjast með á heimasíðum félaganna ef þeir hafa hug á að sækja um húsið á næsta ári. Ef einhver tímabil ganga ekki út er hægt að sækja um þau á orlofsvefnum. Eins er möguleiki að fá húsið leigt utan auglýstra tímabila ef félagsmenn hafa áhuga á vor, vetrar, haust- og/eða jólaferð, en þá þarf að hafa samband við viðkomandi starfsmannafélag eða formann Samflots S: 899-6213, sem athugar hvort húsið sé laust.

Á heimasíðu eiganda hússins, www.tilspanar.is, eru allar nánari upplýsingar um húsið og nágrenni.

Dýrahald er ekki heimilt í húsinu og reykingar aðeins leyfðar utandyra.

Orlofsréttur

Allir launþegar eiga rétt á orlofi samkvæmt lögum um orlof. Hafi launþegi skipt um vinnu eða hafið nýtt starf á orlofsárinu rýrir það ekki rétt hans til orlofs, hins vegar gæti starfsmaður átt rétt á launum hjá fyrri atvinnurekanda hafi hann ekki fengið þau greidd er hann lét af starfi.

Nánari reglur um orlof er að finna í kjarasamningum Samflotsfélaganna.

Veikindi í orlofi:

Orlof og veikindi fara ekki saman.

Veikist starfsmaður í orlofi telst sá tími ekki til orlofs, enda sanni starfsmaður með vottorði læknis að hann hafi ekki getað noti orlofsins vegna veikindanna. Starfsmaður skal till kynna veikindi sín til vinnustaðarins eins fljótt og við verður komið, til að forðast eftirmála. Getur starfsmaður þá krafist orlofs á öðrum tíma en á orlofstímabilinu (1. maí til 15. sept. ríki, 15. maí til 30. sept. sveitarfélög og aðrir) en þó ekki síðar en svo að orlofi hans sé lokið fyrir 31. maí næsta ár á eftir.



Úlfstaðir á Héraði nr. 31.



Munaðarnes Stekkjarhóll nr. 64




Húsafell Ásendi 6.



Munaðarnes Vörðuás nr. 20



Munaðarnes Vörðuás nr. 15



Eiðar nr. 16



Munaðarnes Stekkjarhóll 63



Akrasel Syðri Reykjum